



25. mars 2020

Ávarp

Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands.
Flutt á 59. ársfundi Seðlabanka Íslands, 25. mars 2020.

Hæstvirtur forsætisráðherra, seðlabankastjóri og aðrir tilheyrendur.

Ég set hér með fimmtugasta og níunda ársfund Seðlabanka Íslands. Fundurinn nú er með öðru sniði en alla jafna eins og sjá má. Þátttakendur í húsakynnum bankans eru örfáir en efni fundarins í þess stað aðgengilegt í vefútsendingu. Þetta er ein margra aðgerða sem gripið hefur verið til innan Seðlabankans vegna þeirrar veiru sem nú herjar á heimsbyggðina.

Hlutverk bankaráðs er sem fyrr að hafa eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og staðfesta ýmsar ákvarðanir og reglur sem bankinn setur.

Á nýliðnu ári var bankaráð þannig skipað að formaður var Gylfi Magnússon. Aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Frosti Sigurjónsson, Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir og Jacqueline Clare Mallett. Bankaráð hélt 19 fundi á árinu.

Megináherslur í starfi Seðlabankans tengdust sem fyrr stjórn peningamála og fjármálastöðugleika. Auk þess var mikil vinna vegna breytingar á lögum um bankann á árinu og sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Sameiningin gekk í gildi nú í ársbyrjun. Vil ég af því tilefni bjóða starfsmenn Fjármálaeftirlitsins velkomna til starfa í sameinaðri stofnun.

Ákvæði um bankaráðið í lögum breyttust einnig nokkuð. Mun það hafa áhrif á starf þess og skipan þótt grundvallarhlutverk ráðsins breytist ekki.

Þá urðu nokkur tímamót síðsumars er Már Guðmundsson lét af embætti seðlabankastjóra eftir 10 ár í starfi og Ásgeir Jónsson tók við því embætti, en seðlabankastjóri situr allajafna fundi bankaráðs.

Samkvæmt lögum sem í gildi voru á síðasta ári var meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skyldi Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Verðbólga var nokkru yfir 2½ prósent

verðbólguþáttum, í upphafi ársins, eða um eða rétt yfir þremur prósentum, en minnkaði talsvert undir lok ársins og var tvö prósent í desember.

Peningastefnunefnd hélt meginvöxtum bankans óbreyttum í upphafi ársins, en í maí hófst vaxtalækkunarferli, þegar vextir voru lækkaðir um 0,5 prósentur. Nefndin ákvað að lækka vexti á næstu fjórum fundum og voru meginvextir bankans lækkaðir um alls 1,5 prósentur á árinu.

Á árinu 2019 fór að gæta aukinnar óvissu um efnahagsþróun, þótt ekki hafi þá legið fyrir hve mikil áhrif veirufaraldur myndi hafa á hagkerfið og mannlífið á þessu ári. Áhætta í ferðaþjónustu raungerðist á fyrri hluta ársins með falli flugfélagsins WOW air. Eftir því sem leið á árið jókst óvissa um framvindu efnahagsmála, bæði hér á landi og erlendis.

Á árinu hægði á skuldavexti fyrirtækja og skuldavöxtur heimila var hóflegur. Staða stóru viðskiptabankanna í árslok var traust; eiginfjárlutföll voru há, bæði sögulega og í alþjóðlegu samhengi, og lausafjárstaða vel yfir lágmarkum. Eitt af meginhlutverkum Seðlabankans er að varðveita gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Gjalddeyrisforðinn hefur verið nokkuð stór undanfarin ár. Á síðasta ári jókst hann um tæplega 86 milljarða króna og nam 822 milljörðum króna í árslok. Gengisbreytingar skýrðu að mestu stækkun forðans í íslenskum krónum reiknað.

Seðlabankinn annast fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðagreiðslubankann, Efnahags- og framfarastofnunina, erlenda seðlabanka og fjármálaeftirlit.

Samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið sér Seðlabankinn um erlendar lántökur ríkissjóðs, ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárfestingu á lánasafni ríkissjóðs, sinnir verkum varðandi ríkisábyrgðir og fleira því tengt.

Nokkrar breytingar áttu sér stað á verkefnum á vegum bankans á árinu. Seðlabankinn sinnti gjaldeyriseftirliti, þ.e. eftirliti með framkvæmda laga nr. 87/1992, um gjaldeyrisáhrif og framkvæmd laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum eða svokölluðum aflandskrónulögum. Verkefni á því sviði höfðu dregist verulega saman síðustu ár, enda höfðu fjármagnshöft nánast að fullu verið losuð, þó að enn þyrfti að sinna leiðbeiningum, eftirliti og rannsóknnum.

Gjalddeyriseftirlit Seðlabanka Íslands var formlega sett á fót í september 2009 og var lagt niður sem sérstakt svið innan bankans í byrjun maí á síðasta ári og verkefni þess sem eftir voru færð meðal annars til fjármálastöðugleikasviðs. Þá var Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. slitið á fyrri hluta ársins, ásamt tveimur dótturfélögum þess. Eignasafnið var stofnað í árslok 2009. Efnahagsreikningur þess var þá um 491 milljarður króna. Seðlabankinn fjármagnaði félagið að fullu

og var eigið fé þess í upphafi 1 m.kr. Við slit félagsins hafði það greitt Seðlabankanum og ríkissjóði ríflega 652 milljarða króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri bankans rúmlega 22 milljarðar króna á árinu 2019 en árið áður var hagnaðurinn rúmlega 35 milljarðar króna. Hagnað bankans má að mestu rekja til jákvæðs gengismunar við vörslu á stórum gjaldeyrisforða bankans vegna nokkurrar lækkunar á gengi krónunnar. Rekstrargjöld bankans voru rúmlega 4,2 milljarðar króna, þar af laun og launatengd gjöld um rúmlega 2,9 milljarðar króna, en þau jukust um 2,3% frá fyrra ári og annar rekstrarkostnaður jókst um 11%, einkum vegna sameiningar bankans og Fjármálaeftirlitsins. Þá voru hrein vaxtagjöld rúmlega níu milljarðar króna eða rúmlega 4 milljörðum lægri en árið áður.

Eignir bankans námu um 840 milljörðum króna í lok ársins og voru um 95% eigna bankans erlendar. Eigið fé jókst úr 58 milljörðum í 82 milljarða króna. Eiginfjárlutfall bankans var 9,8% í árslok samanborið við 7,7% í árslok 2018.

Í lok árs 2019 voru samtals 177 starfsmenn í Seðlabankanum, fjórum færri en árið áður. Kynjahlutfallið hélst áfram nokkuð jafnt, en í árslok störfuðu í bankanum 89 karlar og 84 konur. Seðlabanki Íslands hlaut í upphafi ársins formlega jafnlaunavottun, en það er vottun um að Seðlabankinn starfræki launakerfi sem stenst kröfum um jafnlaunastaðal. Þá leiddi jafnlaunagreining í ljós að enginn marktækur, óútskýrður launamunur var á milli kynjanna.

Þótt grunnverkefni Seðlabanka Íslands hafi ekki tekið róttækum breytingum frá stofnun bankans árið 1961, þ.e. að stuðla að stöðugleika í verðlagi og treysta undirstöður og virkni fjármálakerfis, þá hefur útfærslan og skipulagið tekið breytingum með vissu millibili, s.s. með lagabreytingum árin 1986, 2001, 2009 og 2013 sem tengdust vaxtafrelsi, verðbólguþolmiði, stofnun peningastefnunefndar og aukinni áherslu á fjármálastöðugleika.

Nokkur breyting varð á verkefnum og skipulagi Seðlabankans með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins nú í ársbyrjun. Talsvert hefur mætt á stjórn og starfsfólki bankans við sameininguna. Hlutverk bankans hefur verið víkkað út og það er hlutverk bankaráðs að hafa eftirlit með því að allt gangi fyrir sig í samræmi við lög og reglur. Í því ástandi sem nú ríkir og reynir á fjármálainnviði á Íslandi er enn brýnna en alla jafna að bankinn hafi yfir að ráða fullnægjandi fjármagni, tækjum, tólum og mannskap til að sinna þeim viðskiptum og samskiptum sem krefjast má af seðlabanka.

Með lagabreytingunni sem leiddi til sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins í byrjun þessa árs urðu breytingar á fyrirkomulagi yfirstjórnar bankans. Meginbreytingar á stjórnskipulaginu eru að þrjár nefndir taka nú ákvarðanir um beitingu valdheimilda og stjórnþækja Seðlabankans varðandi peningastefnu, fjármálastöðugleika, þ.e. þjóðhagsvarúð, og fjármálaeftirlit. Óbreytt er að seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Þrjár varaseðlabankastjórar leiða nú málefni

bankans á þeim sviðum sem þeir eru skipaðir til að leiða og bera um leið ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir lögskipaðar nefndir bankans, sitja í nefndum og taka sameiginlegar ákvarðanir með með seðlabankastjóra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögnum. Einn varaseðlabankastjórinn leiðir málefni sem varða peningastefnu, annar málefni sem varða fjármálastöðugleika og sá þriðji málefni sem varða fjármálaeftirlit.

Nýtt skipurit bankans sem tók gildi í byrjun ársins endurspeglar verkefni bankans undir breyttum lögum. Kjarnasvið bankans eru nú sjö og stoðsviðin fjögur. Jafnframt er í skipuritinu miðlæg skrifstofa bankastjóra. Eftir sameininguna vor starfsmenn bankans alls um 290.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum bankans fyrir gott samstarf á árinu 2019. Ég vil þakka fulltrúum í bankaráði, aðstoðarseðlabankastjóra sem gegndi því embætti á árinu 2019, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir gott samstarf. Þá vil ég færa þeim seðlabankastjórum sem gegndu embætti á árinu, þeim Má Guðmundssyni og Ásgeir Jónssyni, sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Má þakka ég jafnframt störf hans fyrir Seðlabankann um langt árabil. Ásgeir mun hér á eftir fara yfir farinn veg og horfa svolítið fram á við, en fyrst skulum við hlýða á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.